

Skólaráð

fimmtudaginn 23. febrúar kl. 15:00 í stofu 10

Mættir: Anna Björk Erlingsdóttir fulltrúi foreldra, Þórhildur Inga Ólafsdóttir fulltrúi grendarsamfélagsins, Karen Ingimundardóttir fulltrúi kennara, Bára Kristín Þórisdóttir fulltrúi starfsfólks, Særún Lilja Eysteinsdóttir og Benedikt Natan Ástþórsson fulltrúar nemenda og Eva Björk Sveinsdóttir og Guðjón Árni Antoníusson fulltrúar stjórnenda.

Skóladagatal 2023 – 2024

Farið var yfir drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Starfsfólk skólans hefur samþykkt dagatalið og var það samþykkt af skólaráði.

Ytra mat – staðan á umbótum

Gerðaskóli fór í gegnum úttekt Menntamálastofnunar fyrir rúmu ári síðan. Skólinn gerði umbótaráætlun sem fylgt er eftir og skilaði skólastjóri inn stöðu á þáttum í byrjun febrúar. Farið var yfir skjalið. Áætlunin er á heimasíðu skólans.

Nemamót

Gerðaskóli fékk styrk úr Sprotasjóði til að innleiða verkefnið Nemendur og lýðræði. Verkefnið gengur út á að efla nemendur til þátttöku og að koma skoðunum sínum á framfæri. Nemendaráð skólans hefur verið eft og hefur það fengið aðstöðu fyrir ofan bókasafnið og fundar einu sinni í viku. Það er búið að vera eitt nemamót þar sem nemendur kynntu hugmyndir sínar að útfærslum varðandi uppbrotsdaga. Nemendur fengu að kjósa um hugmyndir. Annað nemamót verður í apríl.

Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk verður á sal Gerðaskóla miðvikudaginn 15. mars. Gerðaskóli mun eiga 3 fulltrúa sem keppa við nemendur úr Sandgerðisskóla, Stóru-Vogaskóla og Grunnskóla Grindavíkur.

Skólaþing

Skólaþingið í nóvember gekk mjög vel. Umræðuefnið var jákvæður skólabragur og skólareglur. Efni frá fundinum verður notað við yfirferð á skólareglum í vor/haust. Nú er fyrirhugað að vera með annað Skólaþing 16. mars og verður umræðuefnið nám án aðgreiningar.

Umræða hvort orðið Skólaþing fæli frá, hvort fólki finnst þetta ekki vera fyrir sig. Ákveðið að skólastjóri sendi póst á foreldra og skýri vel út að þetta sé fyrir alla.

Spjall um skólastarf

Gerðaskóli vill efla samstarf við heimilin og ætlar því að boða til funda mánaðarlega á mismunandi tímum. Hugmyndin er að ræða það sem er framundan í skólastarfinu og vera með opið fyrir almenna umræðu.

Önnur mál

Nemendráði hrósað fyrir uppbrotsviku þar sem allir nemendur voru hvattir til að taka þátt.

Umræða um tímasetningar á fundum ætlaða foreldrum. Í könnun á meðal foreldra kom fram að flestir vilja hafa fundi seinni partinn.

Foreldrafélagið er að huga að fyrirlestri fyrir foreldra. Umræða um að fá rafrænan fyrirlestur og sjá hvort það henti betur foreldrum.